

Ed.

797. Frumvarp til laga

[447. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 4. tölul. og hljóði svo:

4. Skyldusparnað manna á aldrinum 16–25 ára sem þeim er skylt að spara samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

2. gr.

Við 1. mgr. 67. gr. bætist nýr töluliður er verði 4. tölul. og hljóði svo:

4. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst, auk persónuafsláttar skv. 2. tölul. og sjómannaafsláttar skv. B-lið 68. gr., sérstakur skattafsláttur vegna húsnæðisparnaðarreiknings samkvæmt lögum um húsnæðisparnaðarreikninga.

3. gr.

Við 68. gr. bætist nýr stafliður, C-liður, er orðist svo:

Þeir menn, sem lagt hafa fé á bundna húsnæðisparnaðarreikninga og uppfylla öll skilyrði laga um þá, skulu eiga rétt á sérstökum skattafslætti vegna þess sparnaðar. Skattafsláttur þessi skal nema 25% af því fé sem menn leggja inn á húsnæðisparnaðarreikning sinn á tekjuárinu allt að því hámarki sem ákveðið er í lögum um húsnæðisparnaðarreikninga.

Afsláttur vegna húsnæðisparnaðarreikninga reiknast einungis við álagningu tekjuskatts en ekki í staðgreiðslu.

Ákvæði 7. tölul. 28. gr. eiga við um skattafslátt samkvæmt þessum staflið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um breytingar á lögum um húsnæðisparnaðarreikninga og felur í sér nauðsynlegar breytingar í samræmi við lög um staðgreiðslukerfi skatta.